




Rights and employment terms of foreign workers on the Icelandic labor market

Excerpt from the collective wage agreements

Réttindi og kjör erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði

Útdráttur úr kjarasamningum



Issued in November 2015

The Contract shall enter into effect on 1 May 2015.

Wages will next change according to the collective wage agreements on 1 May 2016.

Gefið út í nóvember 2015

Samningurinn gildir frá 1. maí 2015

Laun breytast næst skv. kjarasamningum 1. maí 2016.



Contents:

The Icelandic labour market pgs. [2](#)
Wages and other wage factors pgs. [4](#)
Working hours, rest periods and lunch/meal and coffee breaks pgs. [8](#)
Vacation pgs. [10](#)
Sick-leave rights pgs. [14](#)
Termination of employment contracts pgs. [18](#)
Dues to the pension funds and trade unions pgs. [22](#)
Other provisions pgs. [22](#)

The Icelandic labor market

Access to the labour market

Iceland is a member state of the EEA, the European Economic Area; hence citizens of EU member states are authorised to come to Iceland in search of employment and to become employees of Icelandic undertakings without a special work permit. They need, nevertheless, to apply for a residence permit with the Icelandic Directorate of Immigration at the latest when a three-month working period in Iceland is completed. Citizens of other states are not authorised to work in Iceland without work or residence permits unless the exemption provisions of law allow it.

Wage terms of foreign employees and control of them

According to Icelandic law, wages and other terms of employment as negotiated by the social partners shall be minimum wages irrespective of gender, nationality or employment period for all employees in the relevant field of work in the area covered by the collective agreement. This also applies to all employees of enterprises who are outside of the employer organisations or have not themselves entered into collective agreements with trade unions. The agreements of individual employees and employers on inferior terms of employment than stated in the collective agreements are invalid and not binding for the employee.

Special rules apply as regards foreign employees who are sent to Iceland under the auspices of foreign undertakings in connection with the provision of service. They have an employment relationship with the foreign undertaking; however, they have rights according to Icelandic collective agreements regarding minimum pay and other terms of employment as well as the right to vacation time and vacation pay. In addition, the rules on maximum work hours and minimum rest must be complied with. The law stipulates their right to pay in situations regarding sickness or accident. The employees of temporary work agencies must at the very least enjoy the same wages and other terms of employment as if they had been directly recruited by the user company to undertake the same work.

It is the role of the unions' shop stewards at the workplace to see to it that the collective agreements that have been made are honoured in respect of foreign workers. If there are any grounds for suspicion of a breach of the rights of a foreign employee, the shop

Efnisyfirlit:

Íslenskur vinnumarkaður	bls. 3
Laun og aðrir launaþættir	bls. 5
Vinnutími, hvíldartími og neysluhlé	bls. 9
Orlof	bls. 11
Veikindaréttur	bls. 15
Slit ráðningarsamninga	bls. 19
Iðgjöld til lífeyrissjóða og stéttarféлага	bls. 23
Önnur ákvæði	bls. 23

Íslenskur vinnumarkaður

Aðgangur að vinnumarkaðnum

Ísland á aðild að EES, Evrópska efnahagssvæðinu, og er því ríkisborgurum frá ríkjum ESB heimilt að koma til Íslands í atvinnuleit og ráða sig til starfa hjá íslenskum fyrirtækjum án sérstaks atvinnuleyfis. Þeir þurfa þó að sækja um dvalarleyfi til Útlendingastofnunar í síðasta lagi þegar þriggja mánaða starfstíma hér á landi er náð. Ríkisborgurum annarra ríkja er óheimilt að starfa hér á landi án atvinnu- og dvalarleyfa, nema undanþáguákvæði laga heimili.

Launakjör erlendra starfsmanna og eftirlit með þeim

Samkvæmt íslenskum lögum skulu laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgreini á svæði því er samningurinn tekur til. Á það einnig við um launamenn hjá atvinnurekendum sem standa utan samtaka atvinnurekenda eða hafa ekki sjálfir gert kjarasamninga við stéttarfélag. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða eru ógildir og ekki bindandi fyrir starfsmann.

Sérreglur gilda um erlenda starfsmenn sem sendir eru til Íslands á vegum erlendra fyrirtækja í tengslum við veitingu þjónustu. Þeir eru í ráðningarsambandi við erlenda fyrirtækið en eiga eftir sem áður rétt skv. íslenskum kjarasamningum hvað varðar lágmarkslaun og aðra launaþætti, yfirvinnugreiðslur og réttindi til orlofs og orlofslauna. Einnig ber að virða reglur um hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma. Í lögum er kveðið á um rétt þeirra til launa í veikinda- og slysafellum. Starfsmenn erlendra starfsmannaleiga skulu að lágmarki njóta sömu launa og annarra starfskjara og þeir hefðu notið hefðu þeir verið ráðnir beint til notendafyrirtækisins til að gegna sama starfi.

Það er hlutverk trúnaðarmanna stéttarféлага á vinnustað að gæta þess að gerðir kjarasamningar séu haldnir gagnvart starfsfólki. Sé rökstuddur grunur um að brotinn sé réttur gagnvart erlendum starfsmanni hefur trúnaðarmaður rétt á að yfirfara gögn um laun eða önnur starfskjör starfsmanns. Sé ekki trúnaðarmaður á vinnustað hefur fulltrúi viðkomandi stéttarfélags sömu heimildir og trúnaðarmaður til að yfirfara gögn.

steward has the right to review documents pertaining to the wages and other employment terms of the employee. If there is no shop steward at the workplace, a representative of the relevant trade union has the same authorisations as the shop steward to review documents.

In the event of any suspicion of any breach of rights, the appropriate step is to seek the assistance of the shop steward at the workplace, who investigates the matter and demands rectification. If there is no shop steward at the workplace, the appropriate step is to contact the trade union operating in the area of the relevant field of work and seek assistance.

This booklet is intended to assist foreign employees to know the rights and terms of employment on the Icelandic labour market. Collective agreements generally contain more detailed information on individual agreement provisions and more rights than are described herein, and it is, therefore, important that workers familiarise themselves with the collective wage agreement that applies to their work. The employment terms of store and office workers are not addressed herein.

Wages and other wage factors

Minimum wages

All employers in Iceland are under obligation to abide by the provisions of the collective agreements on minimum wages. The minimum wages are first and foremost determined on grounds of the nature of the work, seniority and education.

If the wage agreement from 21. January 2016 will be accepted in general ballot wages will increase from 1 January 2016 by 6,2%.

Example of the minimum pay of a 22-year-old general worker (2016):

Cleaning	ISK 244.517.
Fish processing	ISK 249.500.
Construction work	ISK 251.211.
Machine operators	ISK 258.402.
Work in restaurant and catering	ISK 249.500.

The minimum wages of electricians/carpenters/painters/plumbers/skilled metal workers with journeyman's diploma and qualified welders: ISK 339.167.

The minimum wages of chefs/waiters/butchers with journeyman's diploma: ISK 332.033.

The minimum wages according to the collective agreements are based on a full day's work, 40 hours per week. Overtime is paid for work in excess of this.

Notwithstanding above provision, the minimum income is ISK 260.000 per month for a full-time position, i.e. 173,33 hours worked per month (40 hours per week) for an employee who has reached the age of 18 and has worked for at least six months in the same company (a minimum of, however, 900 hours).¹

¹ Every month, an extra compensation shall be paid on top of the wages of those employees who do not attain the above income. In this connection, wages mean any payments, including any type of bonus payments or allowances and extra pay, that accrue within the period of the above working hours. Pay for overtime work carried out in excess of the 173,33 hours per month and payments to cover expenses paid are not included in this context.

Ef grunur vaknar um brot er rétt að leita liðsinnis trúnaðarmanns á vinnustað sem kannar málið og krefst úrbóta. Ef trúnaðarmaður er ekki á vinnustað er rétt að hafa samband við stéttarfélag sem starfar á svæðinu í viðkomandi starfsgrein og óska aðstoðar.

Bæklingi þessum er ætlað að aðstoða erlenda starfsmenn við að þekkja réttindi og kjör á íslenskum vinnumarkaði. Í kjarasamningum er oft að finna nánari útfærslur á einstökum samningsákvæðum og meiri rétt en hér lýst og því er mikilvægt að starfsmenn kynni sér þann kjarasamnings sem þeir vinna eftir. Hér er ekki fjallað um kjör afgreiðslu- og skrifstofufólk.

Laun og aðrir launabættir

Lágmarkslaun

Öllum atvinnurekendum á Íslandi ber að virða ákvæði kjarasamninga um lágmarkslaun. Lágmarkslaun ráðast fyrst og fremst af eðli starfs, starfsaldri og menntun.

Verði kjarasamningarnir frá 21. janúar 2016 samþykktir í allsherjaratkvæðagreiðslu, mun laun hækka afturvirktt frá 1. Janúar 2016 um 6,2%

Dæmi um lágmarkslaun 22 ára verkamanns (2016):

Ræstingar	kr. 244.517
Fiskvinnsla	kr. 249.500
Byggingavinna	kr. 251.211
Tækjastjórn	kr. 258.402
Veitingastörf	kr. 249.500

Lágmarkslaun rafiðnaðarmanna/trésmiða/málara/múrara/málara/pípara/
máliðnaðarmanna með sveinspróf og málmsuðumanna með hæfnisvottun kr. 339.167
Lágmarkslaun matreiðslumanna/framreiðslumanna/kjötiðnaðarmanna með sveinspróf
332.033

Lágmarkslaun skv. kjarasamningum miðast við fulla dagvinnu, 40 klst. á viku. Fyrir vinnu umfram það er greitt yfirvinnukaup.

Þrátt fyrir það sem að framan segir skulu lágmarkstekjur vera kr. 260.000 á mánuði fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), fyrir þá starfsmenn sem eftir að 18 ára aldri er náð hafa starfað a.m.k. sex mánuði hjá sama fyrirtæki (þó að lágmarki 900 stundir).¹

¹ Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til tekna í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-, álags- og aukagreiðslur, sem falla til innan ofangreinds vinnutíma. Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Wages according to the collective agreements will change on 1 May 2016, 1 May 2017 and 1 May 2018, unless the collective agreements are terminated. In such case, the termination will take effect as appropriate on 1 April 2016, 2017 or 2018. Hence, information must be sought with the relevant trade union about the wage scales in effect.

Earned rights due to work abroad

Foreign employees in Iceland, as well as Icelanders who have worked abroad, bring with them their accrued period of employment with respect to the rights in the collective agreements that relate to the employment period in the relevant field of work, provided the work abroad is considered comparable.

Upon engagement, employees shall prove their employment period abroad by means of a certificate from their previous employer or in another equally verifiable manner, not later than within three months from the date of employment.

December and vacation supplements

Employees who are employed during the first week of December or who have held consecutive employment with the same employer for 12 weeks over the last 12 months have the right to a December supplement, proportionally based on the employment period in the calendar year. A full year's employment is 45 weeks or more excluding vacation time. The December supplement shall be paid not later than 15 December. The December supplement in 2015 is ISK 78.000. In 2016, this amount is ISK 82.000, in 2017, it is ISK 86.000 and in 2018, it is ISK 89.000.

Employees who are employed at the turn of the months April/May or who have worked at least 12 weeks during the vacation year (i.e. during the period 1 May to 30 April) have the right to a vacation supplement, proportionally based on their employment period in the vacation year, which is then ending. A full year's employment is 45 weeks or more excluding vacation time. The payable vacation supplement in the summer of 2016 is ISK 44,500. The vacation supplement in 2017 is ISK 46,500 and is ISK 48,000 in 2018.

Part-time employees have the right to proportional supplements.

Regular day-work pay

The regular day-work pay can either be monthly pay or hourly pay. When monthly wages are paid for day work, the employee receives the agreed monthly pay, irrespective of the number of workdays (Mondays–Fridays) during the month.

The hourly pay for day work is found by dividing the monthly pay by 173,33. The paid wages every month are determined by the number of day-work hours in the relevant month. If the monthly pay of a construction worker amounts to ISK 236,211, for example, his hourly pay for regular day work is ISK 1.362.78. The hourly pay of workers at restaurants and hotels is found by dividing the monthly pay by 172.

Overtime and major-holiday pay

Overtime is paid at an hourly rate corresponding to 1.0385% of the monthly wages for regular day work.

Laun skv. kjarasamningum taka breytingum, 1. maí 2016, 1. maí 2017 og 1. maí 2018. nema kjarasamningnum verði sagt upp og tekur uppsögnin þá gildi eftir atvikum 1. apríl 2016, 2017 eða 2018.

Því þarf að leita upplýsinga hjá hlutaðeigandi stéttarfélagi um gildandi kauptaxta.

Áunnin réttindi vegna starfa erlendis

Erlendir starfsmenn hér á landi svo og þeir Íslendingar sem starfað hafa erlendis flytja með sér áunnin starfstíma gagnvart réttindum kjarasamninga sem tengd eru starfstíma í starfsgrein, enda verði starfið erlendis talið sambærilegt.

Starfsmenn skulu við ráðningu færa sönnur á starfstíma sinn með vottorði fyrri vinnuveitanda eða öðrum jafn sannanlegum hætti og í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá ráðningu.

Desember- og orlofsuppbót

Þeir sem eru í starfi í fyrstu viku desember eða hafa verið samfelld í starfi hjá sama atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eiga rétt á desemberuppbót, hlutfallslega m.v. starfstíma á almanaksárinu. Fullt ársstarf telst 45 vikur eða meira fyrir utan orlof. Desemberuppbót greiðist eigi síðar en 15. desember. Desemberuppbót árið 2015 er kr. 78.000. Árið 2016 er hún kr. 82.000, árið 2017 er hún kr. 86.000 og árið 2018 er hún kr. 89.000.

Þeir sem eru í starfi um mánaðarmótin apríl/maí eða ná því að hafa vinna a.m.k. 12 vikur á orlofsári (þ.e. á tímabilinu frá 1. maí til 30. apríl) eiga rétt á orlofsuppbót, hlutfallslega miðað við starfstíma á orlofsárinu sem þá er að ljúka. Fullt ársstarf telst 45 vikur eða meira fyrir utan orlof. Orlofsuppbót til greiðslu sumarið 2016 er kr. 44.500. Orlofsuppbót árið 2017 er kr. 46.500 og kr. 48.000 árið 2018.

Starfsfólk í hlutastarfi á rétt á hlutfallslegum uppbótum.

Dagvinnukaup

Dagvinnukaup getur hvort heldur verið mánaðarkaup eða tímakaup. Þegar greitt er mánaðarkaup fyrir dagvinnu þá fær starfsmaður greitt umsamið mánaðarkaup, óháð fjölda vinnudaga (mánudaga – föstudaga) í mánuðinum.

Tímakaup í dagvinnu er fundið með því að deila með 173,33 í mánaðarlaunin. Greidd laun í hverjum mánuði ráðast þá af fjölda dagvinnustunda í viðkomandi mánuði. Ef mánaðarlaun byggingaverkamanns eru t.d. 236.211 þá er tímakaup í dagvinnu kr. 1.362,78. Tímakaup starfsfólks í veitinga- og gistihúsum fæst með því að deila með 172 í mánaðarlaunin.

Yfirvinnukaup og stórhátíðarkaup

Yfirvinna greiðist með tímakaupi sem samsvarar 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Work on major public holidays shall be paid with an hourly pay corresponding to 1.375% of the monthly wages for regular day work.

If the monthly wages of a construction worker amount to ISK 250.000, for example, the hourly overtime pay is ISK 2.596,25 and the hourly pay for work on major holidays is ISK 3.437,50.

Payment of wages and payslips

The employment contract shall state whether the wages are paid monthly, weekly or every two weeks. If the wages are paid monthly, the payday shall be the first regular weekday of the next month. When the wages are paid weekly (40 regular day-work hours) or every other week (80 regular day-work hours), the payday shall be on Thursday or Friday, for work carried out until the weekend before the payday.

A pay slip must accompany each wage payment. All payments must be itemised on the payslip, such as day work, overtime and major-holiday work. All deductions must also be itemised.

Working hours, rest periods and meal and coffee breaks

Working hours

Regular day work is carried out on Mondays to Fridays, 8 hours per day (40 hours per week) within the day-work period. The regular day-work period begins at 7:00. The end of the day-work period, however, varies depending on the collective agreements. General workers' day work ends at 17:00 hours, whereas skilled workers' day work generally ends at 18:00. The employee and the employer negotiate when the regular day work shall be carried out during this period. The day-work hours may be transferred, by means of a written agreement between the employee and the employer, between days so that the weekly work obligation can be completed in less than five whole working days.

Overtime begins when the employee has completed full day-work hours. Work outside of the regular day-work period is paid with overtime pay except in instances of shift work. Paying regular day-work pay for overtime is not permitted even if the employee did not work his/her full 8 hours as day work.

Rest period

The working hours shall be arranged such that the employee receives at least 11 hours of consecutive rest every day. If the employee is especially requested to come to work before the 11 hours of rest have been reached, the employee is entitled to additional rest of 1,5 hours for every hour by which his/her rest is reduced. The employee shall receive at least one weekly day off; however, it is permitted to negotiate with the employee to postpone the weekly day off such that in its place the employee receives two consecutive days off over two weeks, for example, Saturday and Sunday.

Vinna á stórhátíðardögum greiðist með tímakaupi sem samsvarar 1,375% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Ef mánaðarlaun byggingaverkamanns eru t.d. kr. 250.000 þá er tímakaup í yfirvinnu kr. 2.596,25 og tímakaup í stórhátíðarvinnu kr. 3.437,50.

Kaupgreiðslur og launaseðlar

Tilgreina skal í ráðningarsamningi hvort laun séu greidd mánaðarlega, vikulega eða á tveggja vikna fresti. Ef laun eru greidd mánaðarlega skal greiða út fyrsta virkan dag næsta mánaðar á eftir. Þegar laun eru greidd út vikulega (40 dagvinnustundir) eða á tveggja vikna fresti (80 dagvinnustundir) skal greiða út á fimmtudegi eða föstudegi fram að næstu helgi á undan útborgunardegi.

Með hverri launaútborgun skal fylgja launaseðill. Á launaseðli skal sundurliða greiðslur, m.a. í dagvinnu, yfirvinnu og stórhátíðarvinnu. Einnig skal allur frádráttur sundurliðaður.

Vinnutími, hvíldartími og neysluhlé

Vinnutími

Dagvinna er unnin mánudaga til föstudaga, 8 klst. á dag (40 klst. á viku) innan dagvinnutímabils. Dagvinnutímabil hefst kl. 07:00 en mismunandi er eftir kjarasamningum hvenær því lýkur. Hjá verkafólki lýkur því kl. 17:00 en hjá iðnaðarmönnum almennt kl. 18:00. Starfsmaður og vinnuveitandi semja um hvernær á þessu tímabili dagvinnu er skilað. Heimilt er með skriflegu samkomulagi vinnuveitanda og starfsmanns að færa dagvinnutíma milli daga þannig að vikuleg vinnuskylda verði uppfyllt á minna en fimm heilum virkum dögum.

Yfirvinna hefst þegar starfsmaður hefur skilað fullri dagvinnu. Vinna utan dagvinnutímabils er þó greidd með yfirvinnukaupi, nema þegar um vaktavinnu er að ræða. Ekki er heimilt að greiða dagvinnukaup á yfirvinnutímabili, jafnvel þótt starfsmaður hafi ekki skilað fullum 8 klst. í dagvinnu.

Hvíldartími

Vinnutíma skal haga þannig að starfsmaður fái a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld á sólarhring. Sé starfsmaður sérstaklega beðinn að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð ber honum uppbótarhvíld sem nemur 1½ klst. fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Starfsmaður skal hafa a.m.k. einn vikulegan frídag en heimilt er að semja við hann um að fresta vikulegum frídegi þannig að þess í stað komi tveir samfelldir frídagar á tveimur vikum, t.d. laugardag og sunnudag.

Meal and coffee breaks

The lunch break is 1 hour and is not considered as a working hour (unpaid). According to the collective agreement of skilled workers, the lunch break on weekends is considered as worked time. The coffee breaks are 35 minutes per day and are paid as worked time. Overtime shall be paid if the lunch or coffee break is worked.

Negotiating shorter meal or coffee breaks is permissible, in which instance overtime begins earlier as per the said break.

Shift work

Most collective agreements contain an authorisation for shift work applying to a part or all employees of a company. A shift premium is paid for work carried out during the period from 16:00 (from 17:00 at restaurants and hotels) to 08:00 and on weekends. Overtime is paid for work in excess of 40 hours average per week as shift work.

Public holidays

Day-work employees do not work on holidays unless this has been agreed upon between the employee and the employer. If a holiday falls on a Monday through Friday, the employee shall be paid wages even though work is not carried out. A total of 8 hours are paid at the employee's regular day-work pay. Overtime is not paid. General workers, however, do not have the right to pay on holidays until one month after consecutive employment with the same employer or in the same field of work.

If work is carried out on holidays that fall on Mondays through Fridays, overtime or major-holiday pay shall be paid in addition to the regular day-work pay.

Overtime is paid for work on the following days: Maundy Thursday, the Easter Monday, the First Day of Summer, 1 May, Ascension Day, Whit Monday, the Banking Holiday (first Monday in August) and the day after Christmas.

Major-holiday pay is paid for work on the following days: New Year's Day, Good Friday, Easter Day, Whit Sunday, 17 June (the national day of Iceland) and Christmas Day. Christmas Eve and New Year's Eve major-holiday pay is paid after 12:00 noon.

Other rules apply to shift work.

Vacation

Minimum vacation

Differentiation must be made between the vacation days the employee earns with his/her work in the labour market, on the one hand, and the vacation pay every employer pays in addition to the wages for work, on the other hand.

Vacation days

An employee who has worked a full vacation year, from 1 May to 30 April, has the right to a minimum of 24 vacation days. It makes no difference whether the employee has

Matar- og kaffihlé

Hádegismatartími er 1 klst. og telst hann ekki til vinnutíma (ólaunaður). Í kjarasamningum iðnaðarmanna telst hádegismatartími um helgar þó til vinnutíma. Kaffitímar eru 35 mín. á dag og greiðast sem vinnutími. Ef unnið er í hádegismatartíma eða kaffitímum skal það greitt sem yfirvinna.

Heimilt að semja um styttri matarhlé og kaffihlé og hefst yfirvinna þá fyrr sem því nemur.

Vaktavinna

Í flestum kjarasamningum er heimild til að vinna á vöktum sem ná til hluta eða allra starfsmanna fyrirtækisins. Greitt er vaktalag fyrir vinnu á tímabilinu frá kl. 16:00 (frá kl. 17:00 á veitinga- og gistihúsum) til kl. 08:00 að morgni og um helgar. Fyrir vinnu umfram 40 stundir að meðaltali í vaktavinnu á viku er greitt yfirvinnukaup.

Helgidagar

Dagvinnumenn vinna ekki á helgidögum nema um það hafi verið samið milli starfsmanns og vinnuveitanda. Ef helgidagur fellur á mánudag til föstudag ber að greiða starfsmanni laun, þótt ekki sé unnið. Greiddar eru 8 stundir á dagvinnukaupi starfsmanns. Yfirvinna er ekki greidd. Verkamenn eiga þó ekki rétt á launum á helgidögum fyrr en eftir eins mánaðar samfellt starf hjá sama atvinnurekanda eða í sömu starfsgrein.

Ef unnið er á helgidögum, sem falla á mánudaga til föstudaga, skal greiða yfirvinnukaup eða stórhátíðakaup til viðbótar við dagvinnukaupið.

Yfirvinnukaup er greitt fyrir vinnu á: Skírdag, annan í páskum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, annan í hvítasunnu, frídag verslunarmanna (fyrsta mánudag í ágúst) og annan í jólum.

Stórhátíðakaup er greitt fyrir vinnu á. Nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní (þjóðhátíðardagur Íslendinga) og jóladag. Á aðfangadag jóla og gamlársdag er greitt stórhátíðakaup eftir kl. 12:00.

Aðrar reglur gilda um vaktavinnu.

Orlof

Lágmarksorlof

Gera verður greinarmun á orlofsdögum annars vegar, sem starfsmaður ávinnur sér með starfi á vinnumarkaði, og orlofslaunum hins vegar, sem hver vinnuveitandi greiðir til viðbótar við laun fyrir vinnu.

Orlofsdagar

Starfsmaður sem unnið hefur fullt orlofsár, frá 1. maí til 30. apríl, á rétt á að lágmarki 24

changed employers during the period. Those who have worked a shorter period of time have the right to a proportional number of vacation days, in which instance the focus is on the employee earning two vacation days for every worked month.

When the employee takes his/her vacation, Saturdays, Sundays and holidays are not counted as vacation days.

Vacation pay

Through his/her work with the employer, the employee earns the right to pay during vacation. The vacation pay is stated on the payslip of the employee. The minimum vacation pay is 10.17% of all wages. This corresponds to pay for 24 days.

Wages during vacation are paid by different means:

- The employer withholds the vacation pay and pays it when the employee goes on vacation in the next vacation year. Upon every payment of wages, the employer divides the vacation pay by the employee's regular day-work hourly pay, thus calculating how many day-work hours the vacation pay amounts to. The employee accumulates such hours throughout the vacation year. When the employee goes on vacation in the following vacation year, the total number of these hours is calculated and multiplied by the day-work hourly pay in effect at such time. The amount thus found is paid to the employee less taxes and other charges.
- The vacation pay (less taxes and other charges) is deposited into a vacation account, which is a special bank account in the name of the employee. The employee may withdraw his/her balance for the past vacation year after 15 May every year.
- Employees earning fixed monthly wages for day work maintain their pay when they go on vacation. Vacation pay on overtime, bonus payments or other extra payments are deposited into the vacation account.

Additional vacation

The collective agreements stipulate additional vacation, i.e. more vacation days and higher vacation pay than the minimum vacation. Employees may, on the basis of their employment term with the relevant employer or in the relevant field of work, earn entitlement for 25–30 vacation days. In such an instance, the vacation pay is from 10,64% to 13,04%.

Decision and notification

The employer decides, in consultation with the employees, when vacation is to be taken. He shall meet their requests for vacation time to the extent possible in respect of the operation. When the employer has completed checking the wishes of the employees, he/she shall announce, as soon as possible and at the latest one month before the beginning of vacation, when the vacation shall begin unless special circumstances prevent this.

Illness during vacation

If illness prevents the employee from taking vacation at the time designated by the employer, the employee is entitled to go on vacation outside of the summer vacation period. Vacation thus taken, however, must be completed before 31 May of the following

daga orlofi. Ekki skiptir máli þótt hann hafi skipt um vinnuveitanda á tímabilinu. Þeir sem unnið hafa skemur eiga rétt á hlutfallslegu orlofi og er þá miðað við að starfsmaður ávinni sér tvo orlofsdaga fyrir hvern unninn mánuð.

Þegar starfsmaður fer í orlof teljast laugardagar, sunnudagar og helgidagar ekki sem orlofsdagar.

Orlofslaun

Með vinnu hjá vinnuveitanda ávinnur starfsmaður sér rétt til launa í orlofi. Orlofslaun eru tilgreind á launaseðli starfsmanns og er lágmarksorlof 10,17% af öllum launum. Það jafngildir launum í 24 daga.

Laun í orlofi eru greidd með mismunandi hætti:

